

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 6. maí 2019 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakóbína Björnsdóttir og Karl Þórsson sem var í símsambandi. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á háskólanámi til starfsþróunarálags

Athugasemd barst Einingu-iðju varðandi frávísun máls á mati á menntun frá HÍ. Stéttarfélagið telur að þar sem háskóli sé viðurkennd menntastofnun og kröfur umfram það sem sett er í gr. 10.2.1, eigi að meta nám í háskóla til starfsþróunarálags.

Mat á náminu hefur verið hafnað samkvæmt gr. 10.2.5 hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Starfsþróunarnefnd telur að námið falli ekki undir gr. 10.2.1 en telur rétt að stéttarfélagið fari með málið fyrir samstarfsnefnd.

2. Mat á námi starfsmanna á leikskólum

Fulltrúar starfsþróunarnefndar munu hafa samband við viðkomandi sveitarfélag.

3. Mat á námi skrifstofustarfs 3

Lögð fram beiðni um mat á læknaritaranámi. Námið er viðurkennt starfsnám, alls 235 f-einingar eða 35 einingar til viðbótar útskrift úr framhaldsskóla.

Starfsheiti er skrifstofustarf 3.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur verður haldinn 3. júní kl. 9:30.